

Reglugjörð um útbúning og notkun acetylenagasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurborg, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland, 30. desbr. 1903 (A nr. 67, bls. 338—344).

Reglugjörð um breyting á reglugjörð, er staðfest var 21. apríl 1903, um breyting á reglugjörð fyrir veðdeild landsbankans, staðfest 15. júní 1900, staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland, 31. desbr. 1903 (A nr. 68, bls. 346—347).

1 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um neitun**
 23. des. '03 **um staðfesting lagafrumvarps um stofnun seðladeildar í lands-**
bankanum. Með brjefi, dagsettu 23. desbr. þ. á., hafið þjer, herra landshöfð-
 ingi, sent hingað frumvarp um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykja-
 vík, sem borið hefir verið upp af þingmannahálfu og samþykkt var á alþingi
 síðastliðið sumar. Frumvarp þetta kveður svo á um, að verði eigi af því að
 stofnaður verði fyrir 1. okt. 1903 hlutafjelagsbanki á Íslandi samkvæmt lögum
 nr. 11 frá 7. júní 1902, skuli landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna
 seðladeild, er gefa má út allt að 1 milljón króna í seðlum, er greiðist handhafa
 með gullmynt, þegar krafizt er, og eru gefnar nánari ákvarðanir um útgáfu
 seðlanna.

Í áðurnefndu brjefi yðar hafið þjer skýrt frá því, að lagafrumvarp þetta
 hafi verið samþykkt af því að það hafi verið fyrirsjáanlegt, að hinn umgetni
 hlutafjelagsbanki mundi ekki verða stofnaður innan hins ákveðna frests, og
 hafi menn á hinn bóginn talið nauðsynlegt, að eitthvað yrði gert til þess að
 bæta úr hinum tilfinnanlega peningaskorti í landinu. Og hafið þjer með skir-
 skotun til þessa lagt það til að leitað sje allrahæstar staðfestingar á frumvarpið.

Með því að áðurnefnd ástæða, sem lögin eru á byggð, er fallin burtu,
 því að hlutafjelagsbankinn var stofnaður samkvæmt umgetnum lögum, áður en
 framangreindur frestur var liðinn, og ákvæði lagafrumvarpsins því eigi gæti
 komið að notum, hefir ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um
 málið lagt það til, að lagafrumvarpið fengi ekki allrahæsta staðfesting, og hefir
 hans hátign konunginum 12. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á þessa
 tillögu.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar í
 B-deild Stjórnartíðindanna, ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem nú stendur yfir, hefir eftir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp það
 um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík, sem borið hefir verið upp af þing-
 mannahálfu, og jeg leyfi mjer lotningarfyllst að senda bæði í þeim búningi, er það fjekk hjá
 alþingi, og í danskri þýðingu.

Samkvæmt lögum 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi
 var 5. nóvbr. næst eftir veitt leyfi til að stofna slíkan banka hæstarjettarmálafærslumanni
 Ludvig Arntzen r. af Dbr. og stórkaupmanni Alexander Warburg, báðum til heimilis í Kaup-

mannahöfn og skyldu leyfishafendur hafa fullnægt skyldum þeim, er leyfisbrjefið um getur, innan 30. septbr. þ. á. Með því að það er fyrirsjáanlegt, að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verður eigi settur á stofn innan hins ákvæðna frests, en það á hinn bóginn er óumflýjanlegt, að eitthvað sje gert til að bæta úr hinum mikla peningaskorti hjer í landinu, hefir alþingi samþykkt áðurgreind lög um, að, verði ekki af því að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verði stofnaður innan 1. oktbr. þ. á., skuli landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðla-deild, er gefa má út allt að 1 miljón króna í seðlum, er greiðist handhafa í gullmynt, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í áðurnefndum lögum frá 7. júní f. á. § 4—7.

Með því að jeg verð að vera alþingi sammála um það, að gera verði svo fljótt sem hægt er ráðstafanir til þess að bæta úr peningaskortinum hjer í landinu, og með því að lík-lega er ekkert að athuga við ákvæði laganna, sem eru sniðin eptir optnefndum lögum frá 7. júní f. á. og lögum 19. septbr. 1885 um stofnun landsbanka, leyfi jeg mjer að mæla með því að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á umrædd lög.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-
amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í brjefi, dagsettu 2. þ. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni
hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil jeg hjer með
veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Vatns-
skarðshólum á Skeiðflöt, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til
verði hæflægt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-
amtinu um greiðslu á ómagameðlagi.** — Amtmaðurinn yfir Suduramt-
inu og Vesturamtinu hefir skotið til mín ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í
Andakílshreppi og bæjarstjórnarinnar á Akureyri um meðlag með óskilgetnu
barni Þuríðar Gísladóttur, sem nú er gipt Eml nokkrum Petersen þurfalingi
Akureyrarkaupstaðar. Hvorki bæjarfógetinn á Akureyri og sýslumaðurinn í
Mýra- og Borgarfjardarsýslu nje þið amtmennirnir hafið getað komið ykkur sam-
an um úrslit máls þessa.

Barn þetta, sem fætt er 15. maí 1891, hefir verið á sveitarframbæri í
nefndum hreppi gegn 60 kr. meðlagi um árið, eptir því sem virðist, samkvæmt
skjölum málsins, með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Meðlag þetta var
goldið þannig frá 15. nóvember 1899 til 15. nóvbr. 1901: frá föðurnum Sigurði
Jónssyni eða framfærslusveit hans Lundarreykjadalshreppi 45 kr., samkvæmt úr-
skurði amtmanns yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 19. septbr. 1900, en af bæj-
arsjóði Akureyrar 15 kr. En með nýjum úrskurði 8. ágúst 1901 færði nefndur
amtmaður niður fúlgðu þá, sem fadírinn eða framfærslusveit hans greiða skyldi,
í 35 kr. um árið frá 15. nóvbr. 1901 að telja, eptir að hafa fengið upplýsingar